

## **Starfandi nefndir á vegum DSÍ.**

Þrjú höfuðmarkmið gilda um allar starfandi nefndir innan DSÍ sem stjórn skipar:

1. Nefndir hafa tillögurétt en stjórn DSÍ hefur ákvörðunarrétt.
2. Nefndir mega ekki stofna til skulda.
3. Nefndir skulu halda fundi reglulega og rita fundargerð sem berast skal til stjórnar og skulu þær varveittar á skrifstofu DSÍ.

## **Reglur fyrir mótanefnd DSÍ.**

### **1.grein Skipan og skipunartími.**

Mótanefnd skal skipuð a.m.k. fimm fulltrúum tilnefndum af stjórn DSÍ og skal skipunartími tilgreindur og taka mið af þeim keppnum sem halda á. Stjórn DSÍ skipar formann mótanefndar. Ekki eru tilnefndir varamenn. Stjórn DSÍ skal leitast við að hafa mótarnefnum úr sem flestum aðildarfélögum DSÍ.

### **2.grein Fundir, reglur o.fl.**

Á fyrsta fundi skal stjórn DSÍ/mótanefnd halda sameiginlegan fund þar sem farið er yfir verkefni vetrarins og reglur sem eru í gildi hverju sinni. Stjórn DSÍ/Mótanefnd getur boða til sameignilegra funda eftir því sem þörf er á.

### **3.grein Hlutverk.**

Hlutverk mótanefndar er umsjón og framkvæmd dansmóta í samkvæmisdönsum í umboði stjórnar Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ).

Mótanefnd skal framfylgja móta- og keppendareglum DSÍ eins og þær eru á hverjum tíma. Einnig skal framfylgja siðareglum DSÍ og ÍSÍ á mótum.

### **4.grein Frestun á mótum.**

Mótanefnd tekur ákvörðun um frestun og niðurfellingu móta í samráði við stjórn DSÍ.

### **5.grein Mótaáætlun.**

Mótanefnd skal leggja fram mótaáætlun til stjórnar DSÍ fyrir a.m.k. eitt almanaksár fram í tímann sem leggja þarf fram á dansþingi ár hvert.

### **6.grein Áfrýjun.**

Ákvörðunum mótanefndar er hægt að áfrýja til stjórnar DSÍ.

Samþykkt á stjórnarfundi 19.júlí 2015



## Verklagsreglur fyrir mótanefnd.

Undirbúningur fyrir öll dansmót á vegum DSÍ.

- a) Gerð fjárhagsáætlunar fyrir hvert mót og tillögur um aðgangseyrir. Hvorutveggja skal staðfest af stjórn DSÍ.
- b) Útbúa auglýsingar sem nota á og tryggja að auglýst sé með tilskyldum fyrirvara.
- c) Gerð á rennsli og staðfesta og senda á þá sem þess þurfa.
- d) Gerð keppendalista og yfirfara þá tímanlega.
- e) Ákveða hverjir fá boðsmíða á keppnir.
- f) Sjá um samskipti við þau félög sem sjá um veitingar og uppsetningu hverju sinni og skipuleggja hvað þurfi hvenær.
- g) Mótstaður.
- h) Skipa mótstjórn fyrir hverja keppni.
- i) Allar reglur séu tiltækar og yfirfarnar og afhentar mótstjórn.
- j) Halda liðstjórafundi áður en mót hefst og innan 10 daga eftir mót.

Mótstaður, búnaður, tónlist o.fl

- a) Staðfesta að mótstaður uppfylli þær kröfur sem gerðar eru.
- b) Stjórna uppsetningu og skipulagi á mótstað og tilkynna hvenær uppsetning getur hafist.
- c) Vinnusvæði fyrir starfsmenn verði afmarkað og borð fyrir gesti verð merkt.
- d) Tölvuvinnsla verði lokuð af og aðeins tölvufólk sé á því svæði.
- e) Vinnusvæði fyrir kynna og þá sem sjá um afspilun.
- f) Sjá um að sá búnaður sem til þarf sé prófaður (t.d ljósabúnaður, lófatölvur o.fl) kvöldi fyrir mót.
- g) Koma með tillögur um búnað sem þarf að endurnýja.
- h) Ber ábyrgð á tónlist og velur tónlist sem nota á.
- i) Útvegar búnað sem þarf til afspilunar.
- j) Sjá um borðaskipulag og sölu á þeim 2 til 4 vikum fyrir mót.-
- k) Útvega fólk í miðasölu.
- l) Útvega annað það starfsfólk sem þarf.
- m) Umsjón með veitingum fyrir starfsfólk á keppnisstað.
- n) Staðfesta að lýsing sé fullnægjandi.
- o) Gefa út upplýsingar um starfsfólk og keppendur.
- p) Úrslit sé komið á heimasíðuna.
- q) Gjaldkeri DSÍ gengur frá uppgjöri og öllum greiðslum sem þarf að inna af hendi.

Dómarar.

- a) Skrifstofa DSÍ mun koma upplýsingum til mótanefndar 4 vikum fyrir mót hverjir verða dómarar.
- b) Taka á móti dómurum.
- c) Umsjón með að koma þeim á milli staða.
- d) Ákveða með aðbúnað og mat fyrir utan mótisdaga.
- e) Fara yfir reglur sem gilda á mótum hjá DSÍ.
- f) Fyrirkomulag mótsins (rennsli, keppnisflokkar)
- g) Kynnisferðir og kvöldverður í lok helgar ef tími er til.
- h) Gjaldkeri DSÍ gengur frá greiðslum vegna mótsins til þeirra.

Gerð mótaáætlunar.

Í mótaáætlun sem skal skila til stjórnar DSÍ a.m.k 1 mánuði fyrir dansþing skal koma fram eftirfarandi:

- a) Fjöldi keppna og dagsetningar.
- b) Aldursflokkar, dansar og titlar.
- c) Dómgæsla.
- d) Samningur um eða staðfesting á mótstað.

Samþykkt á stjórnarfundi 19.júlí 2015